

Einu sinni hugsaði ég, nú hugsa ég

Þetta er einföld aðferð til að hjálpa nemendum að velta fyrir sér hvaða hugsanir fara í gegnum hugann áður en þeir byrja á nýju námsefni/lærdómsferli og hvað breyttist á meðan á náminu stóð. Þessi æfing samanstendur af tveimur æfingum, einni til að nota áður en nýtt lærdómsferli hefst og önnur til að nota í framhaldinu. Æfingarnar er hægt að nota saman eða hvora í sínu lagi. Báðar æfingarnar nýtast vel í ígrundun, hvort heldur sem er einstaklingslega eða í hópi.

Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar „Að læra með því að hugsa“ og „Að læra gegnum samræður og samskipti“.

Áætluð Útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta hugsað um og orðað hvernig lærdómsferlið hafði áhrif á hugsun þeirra
- Geta útskýrt hvernig lærdómsferlið hafði áhrif á hugsun þeirra
- Geta metið eigin lærdómsniðurstöður og hver annars

Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst að mörgum mismunandi breytum svo sem: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 20-30 mínútur fyrir hvora æfingu fyrir sig.

Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
<ul style="list-style-type: none">▪ Blað með töfluskema fyrir æfingu 1 og/eða 2▪ Skólatafla til að safna saman svörum bekkjarins	<ul style="list-style-type: none">▪ Blað með töfluskema fyrir æfingu 1 og eða 2▪ Búðu til Padletborð til að safna saman svörum hópa innan bekkjarins, hafðu dálka (einn fyrir hverja fyrirsögn)▪ Spjald- eða fartölvur fyrir hvern hóp <p>Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</p>

Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

Eftir að þú hefur kynnt viðfangsefnið (að vinna með samfélagslega áskorun) býðurðu nemendum að hefja æfingu #1. Eftir að æfingunni er lokið (það er hægt að nota hvaða viðfangsefni sem er) skaltu bjóða nemendum að hefja æfingu #2.

1 Æfing #1

Afhentu nemendum töflu með þessum þremur fyrirögnum:

Ég skil...

Ég held...

Ég velti fyrir mér...

Svörin geta verið einstaklingsbundin en það getur líka skapað öfluga umræðu að setja öll svör nemenda á stóra töflu til að geta séð og rætt það sem hverjum og einum nemanda dettur í hug. Það sem stendur á töflunni stýrir því í hvaða átt umræðan fer þar sem niðurstöðurnar þær segja til um áhuga nemenda á viðfangsefninu.

2 Æfing #2

Legðu eftirfarandi fyrirsagnir fyrir nemendum:

Ég hugsaði...

Nú held ég...

Eins og með ofangreinda æfingu geta svörin verið einstaklingsbundin og það getur líka skapað öfluga umræðu að setja öll svör nemenda saman á stóra töflu til að geta séð og rætt það sem kemur í huga hvers og eins nemanda.

3 Ígrundun

Báðar æfingarnar bjóða nemendum ekki aðeins tækifæri til að þess að velta hlutum fyrir sér í rólegheitum, heldur bjóða þær einnig upp á ýmis ígrundandi samtöl. Til að safna öllum svörum nemenda geturðu notað hugsa-para-deila verkefni í gegnum Padletborð. Nemendur skrá fyrst hugsanir sínar, um æfingu 1 eða 2, einstaklingslega á blað. Að lokinni einstaklingsæfingu koma þeir saman tveir og tveir til að ræða hugsanir sínar. Þeir ræða saman og skrá hugsanir sínar á Padlet. Eftir að hafa rætt saman í þorum, deilir kennarinn svörunum (með bekknum). Svörin geta líka verið notuð til að eiga bekkjarsamtal og þar skapast líka tækifæri til að íhuga hvernig svör annarra bekkjarfélaga geta haft áhrif á hugsun hvers og eins nemanda á þeirri stundu.

4 Skoðaðu með nemendum:

- Hvort einhver þemu komi megí lesa úr svörum þeirra.
- Hvort leiðréttu þurfi einhvern misskilning.
- Hvort bekkurinn vilji fræðast frekar um einhver atriði.